

## **Ágætu gestir.**

Í ár fögnum við því að fyrir 95 árum síðan, nánar tiltekið 17. september árið 1917 kom hópur manna saman og stofnaði Verzlunarráð Íslands, sem í dag er Viðskiptaráð. Talsvert gekk á í veröldinni á þessum tíma. Ófriðurinn mikli hafði geislað um árabil í Evrópu og ekki útséð hvenær þeim hildarleik linnu. Hér á Íslandi beið frostaveturinn mikli og spænska veikin var á næsta leiti. En þrátt fyrir mótlæti af ýmsum toga þá voru það bjartsýnir menn sem bundust samtökum um að efla meðal annars verslun, siglingar og iðnað eins og segir í fyrstu lögum ráðsins. Öflugt efnahagslíf undir forystu Íslendinga var grundvöllur þess að Ísland gæti ráðið sínum eigin málum. Fullveldið fékkst nokkrum mánuðum síðar, í febrúar 1918 og allt frá þeim degi hefur verið háð hörð barátta fyrir efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar.

Viðskiptaráð hefur alla tíð verið öflugur talsmaður viðskiptalífsins. Í gegnum heimskreppur og uppgangstíma, í mótlæti og byr og alla tíð hefur stefna ráðsins verið skýr: Kröftugt atvinnulíf er forsenda bættra lífskjara og efnahagslegs sjálfstæðis. Frelsi í viðskiptum grundvallað á ábyrgð hvers og eins er grunnur þeirra efnahagslegu framfara sem þjóðin hefur notið á síðast liðinni öld.

Við lítum með stolti yfir farinn veg og minnumst allra þeirra karla og kvenna sem hafa lagt Viðskiptaráði til krafta sína. Og það er ástæða til að horfa bjartsýn til framtíðar. Félögum okkar hefur fjölgað, starfsemin hefur styrkst, málefnavarfið er öflugt og Viðskiptaráð tekur virkan þátt í samstarfi um hvernig bæta megi starfsumhverfi íslenskra fyrirtæki og þannig gera þeim kleift að búa til meiri verðmæti, þjóðinni allri til heilla.

Bætt starfsumhverfi atvinnulífs hlýtur að vera keppikefli allra, stjórnáráðgjafanna, verkafólks og atvinnurekenda. Hagsmunirnir eru sameiginlegir, að stækka kökuna sem mest þannig að meira sé til skiptanna. Þess vegna er það svo mikilvægt að umræða um efnahagsmál og viðskipti sé stunduð af yfirvegum og skynsemi. Allt of oft er rökum svarað um skætingi og útúrslunum, allt of oft er málflutningur gerður tortryggilegur í pólitískum tilgangi og allt of oft virðist vera einhvers konar sambandsleysi á milli þeirra sem fara með stjórn landsmála og þeirra sem starfa í atvinnulífinu. Það er sjálfsagt að menn takist á og láti finna fyrir sér og skoðunum sínum. En augljóslega þurfum við að gera betur og lyfta umræðu um efnahagsmál á Íslandi upp úr þeim skotgröfum sem þær hafa verið í á undanförunum misserum.

## **Fundarstjóri**

Yfirskrift þessa þings er í spurnarformi og spurt er; hvers virði er atvinnulíf? Hér í þessum sal eru margir sem eiga fína og margbrotna reiknistokka sem nota má til að slá máli á íslenskt atvinnulíf. Virði hlutafjár, skulda, mannvits og auðlinda, tækni hvers konar, verksmiðja og skrifstofuhúsnæðis, allt eru þetta stærðir sem við veltum fyrir okkur, jafnvel á hverjum degi. En það þarf ekki sprenglærða reiknimeistara til að svara þessari spurningu svo vel sé. Svárið er í raun einfalt. Verðmæti atvinnulífsins er ávallt til jafns við þau lífskjör sem þjóðin býr við hverju sinni. Afrakstur okkar daglegu starfa er grundvöllur lífskjara.

Saga þjóðarinnar er saga um vinnuhörku, oft og tíðum yfiringilega vinnuhörku. Í riti Jónasar Jónssonar frá Hrafnagili um íslenska þjóðhætti má finna lýsingar af þeim aðstæðum sem alþýða manna bjó við á síðari hluta nítjándu aldar. Hver sá sem í þá merku bók gluggar fær séð að lífsbaráttan var hörð og þó vinnustundirnar væru nánast óteljandi þá var afraksturinn harla lítill.

Í munni hagfræðinga vilja hugtök verða næsta torskilin. Í önnum hversdagsins veita hugtök eins og heildarþáttaframléiðni eða sveifluleiðréttur frumjöfnuður ríkissjóðs ekki mikinn innblástur. En þessi

## Ræða formanns, Tómas Mór Sigurðsson, á Viðskiptaþingi 2012

- talað orð gildir

hugtök skipta máli. Þau skipta máli vegna þess að þau eru hluti af tilraun okkar til að finna leiðir til að auka verðmæti vinnunnar okkar. Að tryggja að sá tími sem við verjum á vinnustaðnum skili sem mestum afrakstri, þannig að við getum sem best notið þess tíma sem aflögu er með fjölskyldum og vinum.

Hagvöxtur skiptir öllu máli þegar við ræðum um lífskjör þjóðarinnar. Vitanlega er hagvöxtur ekki upphaf eða endir mannglegrar hamingju, en það má öllum vera ljóst að bætt lífskjör sem eiga rót sína í aukinni verðmætasköpun gera okkur mögulegt að lifa betra lífi, að öllu óbreyttu.

Þó ekki sé litið aftur til þeirra lífskjara sem Jónas Jónasson frá Hrafnagili fjallaði um og einungis látið duga að hverfa aftur um ein 65 ár, þá hafa breytingarnar á lífskjörum Íslendinga orðið stórkostlegar. Hagvöxtur á mann hefur verið um 2,3% á ári að meðaltali á þessum tíma sem er um 15 árum styttri en ævi meðal Íslendingansins. Þessi hagvöxtur þýðir að á innan við mannsævi hafa meðaltekjur á mann á Íslandi ríflega fjórfaldast. Munurinn er ævintýrlegur.

Talan 2,3 er því mikil örlaga tala í nútímasögu þjóðarinnar. En hugleiðum eitt. Ef hagvöxtur á mann hefði verið örlítið hærrí, 2,6% í stað 2,3% þá hefðu meðaltekjur á mann ekki bara rúmlega fjórfaldast, þær hefðu fimmfaldast á þessum 65 árum. Þessi staðreynd á að vera okkur áminning um að vanda okkur. Vanda okkur við rekstur fyrirtækja og við hagstjórnina.

Þessar miklu breytingar á lífskjörum þjóðarinnar hafa orðið vegna þess að atvinnulífinu hefur jafnt og þétt vegnað betur. Fjölbreytnin hefur aukist, staðunum hefur fjölgað og þær orðið öflugri. Hér fyrir ári síðan, á síðasta Viðskiptaþingi, beindum við sjónum okkar að því hvernig klasamyndun getur eflt framþróun atvinnulífsins og mikilvægi þess að þekking og hugvit nýtist sem best í verðmætasköpuninni.

Hagvöxtur og þá um leið bætt lífskjör byggir á fjöldamörgum þáttum, sem hver fyrir sig er mikilvægur. Tækni, menntun vinnuafslans, auðlindir og fjármagn, allt eru þetta þættir sem hafa úrslitaáhrif á þróun hagvaxtar þegar til lengri tíma er litið. Aukin framleiðni er lykillinn að heilbrigðum og varanlegum lífskarabata.

Það er því ekki sama hvernig hagvöxtur er tilkominn. Ég get ekki látið hjá líða að nefna að það veldur mér áhyggjum hversu mjög hagvöxtur síðustu misseri er drifinn áfram af aukinni einkaneyslu og hversu hægt gengur að auka fjárfestingu í hagkerfinu.

### Góðir fundarmenn.

Það er þannig, og á því leikur enginn vafi í mínum huga, að tækifæri okkar Íslendinga eru nánast óþrjótandi. Okkar eina raunverulega vandamál erum við sjálf. Hugsunarháttur, stemming, viðmið og tíðarandi geta haft gríðarlega mikið um það að segja hversu vel okkur gengur. Rétt eins og á árunum fyrir hrun sló út í öfgar bjartsýni og kapp, þá hefur á undanförunum árum þjóðfélagsmæðan verið of neikvæð og niðurrífskennd. Uppgjör við liðna tíð er mikilvægt og enn mikilvægari er sá lærdómur sem við drögum af uppgjörinu. En mikilvægast er hvernig okkur tekst að nýta lærdóminn og bæta samfélagið okkar, leikreglur þess og grunngerð. Við eigum fjöldamörg tækifæri til að bæta umhverfi atvinnulífsins og þar með bæta lífskjörin í landinu.

Til þess að við getum nýtt þessi tækifæri þá skiptir öllu að atvinnulífið, verkalýðsfélögin og stjórnvöld vinni markvisst saman. Það samstarf þarf að snúa að því að gera allt sem mögulegt er til að auðvelda atvinnulífinu að þroskast og dafna og búa þannig til fleiri störf, greiða hærrí laun og auka þannig lífskjör þjóðarinnar allrar. Þetta eru hinir sameiginlegu hagsmunir sem allir eiga að geta verið sammála um.

Viðskiptaráð hefur á undanförunum árum lagt höfuðáherslu á tvennt. Að fara vel yfir sín störf í aðdraganda hrunsins og í framhaldi af því lagt fram málefnalegar tillögur um hvað betur má fara og til hvaða aðgerða þarf að grípa til að leysa þau efnahagsvandamál sem við okkur blasa.

Síðustu misserin hefur megin þunginn í vinnu okkar snúið að því að leggja fram hugmyndir og tillögur um hvernig auka megi umsvifin í íslenska hagkerfinu með heilbrigðum og varanlegum hætti. Um leið höfum við líka bent á það sem aflaga hefur farið á undanförunum árum við stjórn efnahagsmála. Við höfum til dæmis bent á það að skattkerfinu hefur á undanförunum þremur árum verið breytt að grunngerð og oftast en hundrað sinnum hafa skattar verið hækkaðir eða nýir teknir upp. Þetta á bæði við fyrir fólk og fyrirtæki og gildir einu hverjar tekjur fólksins eru, allir þurfa að greiða hærri skatta. Jafnframt höfum við bent á ýmsar brotalamir í starfsumhverfi fyrirækja, galla sem auðvelt er að laga ef góður vilji og skilningur á þörfum atvinnulífsins er til staðar hjá stjórnvöldum.

Því er ekki að neita að við höfum fundið fyrir því að stjórnvöld hafa amast við þessari gagnrýni og brugðist við henni með útúrsnúningum. Skilaboðin hafa verið nokkuð á þá lund að vegna þess að hér varð hrun þá eigi Viðskiptaráð ekkert upp á dekk, ráðið eigi ekkert með það að gagnrýna núverandi stjórnvöld.

Slíkur málatilbúnaður er bæði fráleitur og hættulegur. Hann er fráleitur vegna þess að það er skylda okkar allra að leggja allt það til sem við best kunnum og trúum að geti verið til framfara fyrir þjóðina. Fordómalausar umræður og yfirvegaðar rökræður eiga síðan að skera úr um hver stefnan á að verða. En málatilbúnaðurinn er líka hættulegur því hann er krafa um þöggun, krafa um að þeir sem gerst þekkjast til í atvinnulífi landsmanna segi ekki skoðun sína og veiti ekki gagnrýnið og málefnalegt aðhald á mikilvægum tímum í sögu þjóðarinnar.

Að auki er rétt að halda til haga, að Viðskiptaráð hefur ávallt verið gagnrýnið á stjórnvöld, óháð hver þau eru hverju sinni, ef stjórn efnahagsmála er á skjön við hagsmuni atvinnulífs og hagsmuni samfélagsins í heild.

### **Ágætu þinggestir**

Það er fyrir því löng hefð að forsætisráðherra ávarpi Viðskiptaþing. Sú hefð hefur undirstrikað mikilvægi þess að gott samband sé á milli atvinnulífsins og stjórnvalda. Oft hefur gustað á milli, eins og á að gerast þegar öflugir stjórnálamenn segja hug sinn um mikilvæg málefni þjóðarinnar. En ræða forsætisráðherra hér á Viðskiptaþingi er til marks um að þrátt fyrir að skoðanir geti verið skiptar á að fara fram rökræða og að hinir sameiginlegu hagsmunir eru yfirsterkari öllu því sem skilur á milli.

Það er nefnilega ríkari ástæða nú en verið hefur um langan hríð að stjórnvöld og atvinnulífið ræðist við. Í viðhorfsskönnun sem við létum gera á meðal forsvarsmanna íslenskra fyrirtækja kom í ljós að um helmingur telur að ríkisstjórnin sjálf sé helsta hindrunin í vegi vaxtar og viðgangs íslensks efnahagslífs. 30 prósent nefna síðan skatta. Þessi niðurstaða er sú sama og fyrir ári síðan, og hlýtur að vera sameiginlegt áhyggju- og úrlausnarefni, bæði fyrir forystumenn atvinnulífsins og ríkisstjórnar. Í þessu samstarfi stöndum við okkur ekki nægilega vel.

Það eru því vonbrigði fyrir okkur öll að forsætisráðherra hafi ekki átt heimangengt í dag. En ég geri mér vonir um að þegar við hittumst hér að ári liðnu muni forsætisráðherra koma hingað og ávarpi Viðskiptaþing venju samkvæmt. Samstarf stjórnvalda og atvinnulífsins skiptir sköpum fyrir möguleika okkar á því að efla lífskjörin í landinu og orð eru vissulega til alls fyrst.

## **Kæru gestir**

Þegar spurt er að því hversu miklu máli atvinnulífið skipti þegar kemur að því að skapa góð lífskjör á Íslandi, þá er enginn vafi í huga Íslendinga. Yfir 90 prósent telja að atvinnulífið skipti mestu máli þegar kemur að því að skapa þjóðinni góð lífskjör. Þessi niðurstaða þarf ekki að koma á óvart, en hún er ekki sjálfgefin. Það sýnir mikinn styrk þjóðarinnar að þrátt fyrir efnahagsleg áföll þá hefur skilningur Íslendinga á mikilvægi atvinnurekstrar ekki dvínað. Í þessar staðreynd eru fólgin heilmikil sóknartækifæri fyrir atvinnulífið og stjórnámamenn og þau eigum við að nýta vel.

Við þurfum að efla traustið á atvinnulífinu og gæta þess að ganga þannig fram að almennur skilningur sé á því að þegar atvinnulífinu gengur vel þá gengur launafólki vel og þá gengur allri þjóðinni vel. Almennur á að geta treyst því að frelsi og ábyrgð fara saman og að hvorugt geti án hins verið. Almennur á að geta treyst því að rökrétt samhengi sé á milli frammistöðu og umbununar og að stjórnendur fyrirtækja taki alvarlega samfélagslegar skyldur sínar og þeirra fyrirtækja sem þeir eru í forsvari fyrir.

Varanlegur rekstrargrunnur fyrirtækja hvílir á framleiðniaukningu sem grundvölluð er á tækniþróun, aðgengi að fjármagni, menntuðu vinnuafl, bættri nýtingu auðlinda og fleiri þáttum sem of langt mál er að telja hér upp. En reynsla undanfarinna ára kennir okkur svo ekki verður um villst að ábyrgðarlaus áhættusækni, skuldsetningar og kæruleysislegir stjórnarhættir kollkeyra öllum rekstri.

Við eigum, samhliða því sem við gerum kröfur á stjórnvöld um skynsamlegt laga- og regluverk utan um atvinnustarfsemina, að gera kröfur til okkar sjálfra um góða og ábyrga stjórnarhætti. Á það hefur Viðskiptaráð lagt sérstaka áherslu á undanförunum árum. Heilbrigt atvinnulíf sem nýtur traust almennings og skilnings stjórnámamanna er forsenda þess að Ísland haldi áfram að vera í hópi þeirra þjóða sem bjóða hvað best lífskjör.

## **Góðir gestir.**

Stöðugleiki í efnahagsmálum er grundvöllur þess að atvinnulífið geti nýtt öll þau tækifæri sem svo sannarlega eru til staðar hér á landi. Stöðugleiki og festa í stjórnarfarinu, stöðugleiki í gjaldmiðlamálum og stöðugleiki í skattamálum, allt eru þetta frumforsendur þess að jafnvægi náist í þjóðarbúskapnum. Það eru gömul sannindi og ný að það er hlutverk stjórnvalda að skapa rammann, atvinnulífsins að skapa verðmætin sem meðal annars skila sér í verðmætum störfum. Verðmætum störfum sem standa undir launum sem eru sambærileg við það sem gerist best í nágrannalöndum okkar.

Til þess að þetta markmið náist þá þurfum við að efla stefnumótun og samstarf atvinnulífsins og stjórnvalda. Það samstarf á að snúast um aukna verðmætasköpun, allri þjóðinni til heilla.

Viðskiptaráð vill leggja allt sitt að mörkum til þess að þetta samstarf megi ganga sem best fyrir sig og fái skilað sem mestum árangri. Skýrsla ráðsins á síðasta ári lagði áherslu á þau ótalmörgu tækifæri sem væru til staðar í íslensku viðskiptalífi. Á þessu þingi höfum við lagt áherslu á mikilvægi hagvaxtar og spurt um leið þeirrar mikilvægu spurningar, hvers virði íslenskt viðskiptalíf sé. Öll þessi vinna, ásamt því efni sem unnið hefur verið meðal annars um afnám gjaldeyrishafta, skattaumhverfi, skuldaúrvinnslu, eða stjórnarhætti fyrirtækja er mikilvægt innlegg í samstarf stjórnvalda og atvinnulífsins.

En betur má ef duga skal. Viðskiptaráð mun á næstunni beita sér fyrir stefnumótandi vinnu um hvert stefna beri í atvinnumálum þjóðarinnar, hvernig við getum best nýtt tækifærin sem svo sannarlega eru til staðar, hverju við þurfum að breyta til að leysa úr læðingi þann kraft sem býr með okkur og

## Ræða formanns, Tómas Mór Sigurðsson, á Viðskiptaþingi 2012

- talað orð gildir

hvernig við eigum að stilla saman strengi þannig að sundirlyndisfjandinn spilli ekki fyrir öllu því jákvæða og góða sem þjóðin á svo sannarlega skilið og landið okkar bíður uppá.

### Góðir gestir.

Ég hef haft mikla ánægju af því að starfa á vettvangi Viðskiptaráðsins og það hefur verið mikill heiður fyrir mig að hafa notið trausts til þess að vera þar í forystu um hríð. Undanfarin ár hafa verið átakaár og starf okkar hefur um margt markast af þeim atburðum sem urðu haustið 2008. En þó hverri kynslóð þyki sem nýliðin saga sé einstök þá er það svo að ekkert er nýtt undir sólinni. Í því umróti dagsins er ágætt að rifja upp ummæli þeirra sem störfuðu á árum áður undir þeim sömu merkjum og við flykjum okkur nú. Ég ætla að leyfa mér að vitna í ávarp sem Ragnar S. Halldórsson, þá formaður Verslunarráðsins, hélt á 65 ára afmæli ráðsins árið 1982.

*“Markaðurinn er gífurlegt merkjakerfi, sem endurspeglar ákvarðanir fjölda fólks til að tryggja að kröfum neytenda sé fullnægt með lágmarks kostnaði. Frjálst verðmyndunarkerfi, hagnaður og samkeppni eru sá farvegur og þau kennileiti, sem stjórná efnahagslífi okkar á hagkvæmastan hátt.*

*Hagnaðarleit fyrirtækja, þar sem næg samkeppni ríkir, er leið atvinnurekstrarins, hvort sem það er meðvitað eða ekki, til að gera félagslega velferð sem mesta. Þess vegna er almenningssamþykki við hagnaði skilyrði til að unnt sé að nýta raunverulega getu einkaframtaksins á þessu sviði sem öðrum.*

*Að okkar mati veltur velferðin á verkaskiptingunni milli einkageirans og opinbera geirans. ... Til að hafa áhrif á verkaskiptinguna mega forystumenn atvinnulífsins ekki standa lengur hjá og horfa tilsýndar á aðra ræða um og takmarka frelsi til athafna. Okkur verður að vera það ljóst, að við erum þátttakendur í stjórnámálum, hvort sem okkur líkar betur eða verr. Ég á hér ekki við um flokksstjórnámál, og við eigum ekki einungis að bregðast við því sem að höndum ber, heldur eigum við að taka þátt í að móta félagslega afstöðu vegna þess að atvinnulífið er mikilsverðasti þátturinn í þjóðfélaginu.”*

Þessi orðið eiga jafnvel við núna eins og fyrir 30 árum síðan. Skilaboðið hafa ekkert breyst, grundvallarsýnin er sú sama. Ragnar er hér með okkur í dag og hann mun, ásamt fjórum öðrum heiðursmönnum, verða verða útnefndur heiðursfélagi Viðskiptaráðs hér á þessu þingi okkar. Sú útnefningin er mjög við hæfi og makleg í alla staði. Starf þessara góðu manna er okkur öllum hvatning um að gera okkar besta til að efla hag viðskiptalífsins og þar með þjóðarinnar allrar.

### Kæru vinir.

Í gær lauk kosningu til stjórnar Viðskiptaráðs Íslands fyrir árin 2012 og 2013. Ég óska nýrri stjórn velfarnaðar í þeim brýnu verkefnum sem framundan eru. Þar fer öflugur hópur sem mun láta gott af sér leiða. Nýr formaður Viðskiptaráðs var einnig kjörinn, með 87% greiddra atkvæða. Hann heitir Hreggviður Jónsson. Stuðningurinn sem hann fær til verksins er afgerandi og ég veit að honum mun farnast vel.

Vegna vinnu minnar erlendis gef ég ekki kost á mér til áframhaldandi starfa á vettvangi Viðskiptaráðs. Ég vil að því tilefni fá að nota tækifærið og þakka öllu því góða fólki sem starfað hafa með mér í ráðinu fyrir að sinna sínu verki af einurð og heiðarleika. Við höfum á þessu tímabili þurft að taka á mörgum málum, litið í eigin barm, reynt að læra af þeim mistökum sem við gerðum áður, haldið umbótaþing, skipt með okkur verkum í öflugum málefnaþópum, rennt frekari stoðum undir menntastofnanirnar sem við stöndum að, sem eru Verslunarskólinn og Háskólinn í Reykjavík, lagt aukna áherslu á stuðning við góða stjórnarhætti, nýsköpunarstarf, hagsmunamál lítilla og meðalstórra fyrirtækja, bætt upplýsingamiðlun um atvinnu- og efnahagsmál bæði til innlendra og

## Ræða formanns, Tómas Mór Sigurðsson, á Viðskiptaþingi 2012

- talað orð gildir

erlendra aðila. Einnig höfum við haldið okkar reglubundinni útgáfu og fundarstörfum úti, og gert ítarlegar greiningar og komið með tillögur að endurbótum meðal annars á skattamálum, fjárfestingaumhverfi, skuldaúrvinnslu og afnámi gjaldeyrishafta svo eitthvað sé nefnt. Þetta hefur verið gefandi tími og ég hef notið þess að starfa með öflugum stjórnarmönnum og starfsmönnum ráðsins. En jafnvel þó að listinn sé nokkuð langur þá er langt í frá að öllu hafi verið komið í verk sem hugur minn stóð til og það mun svo sannarlega ekki skorta verkefni hjá nýrri stjórn.

Þrátt fyrir að ég láti nú af formennsku þá mun ég áfram sem endranær leggja öll þau lóð á vogarskálarnar sem mér er unnt til þess að efla vöxt og framgang viðskiptalífsins. Við skulum vera þess minnug að hvert og eitt okkar leikur mikilvægt hlutverk, með störfum okkar leggjum við grunn að öflugra atvinnulífi og þá um leið að bættri afkomu þjóðarinnar allrar.

Yfirskrift þessa þings okkar segir mikla sögu, virði atvinnulífsins er jafnt þeim lífskjörum sem þjóðin býr við.

**Góðir Viðskiptaþingsgestir, það er til mikills að vinna.**